

8
31. jan. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um land-
skuldarlinun á nokkrum jörðum. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 5. f. m. hafið þjer,
herra amtmaður, sent mjer framhaldsskoðunargjörðir viðvíkjandi skemmdum á jörðunum
Böggversstöðum, Hofsá og Hrísum ásamt brjefi blutadeigandi umboðsmanns, og lagt það
til, að leiguliðanum á Böggversstöðum veitist 40 álna landskuldarlinun, en leiguliðunum
á Hofsá og Hrísum 10 álna linun hvorum, allt fyrir fardagaárið 1889—90.

Út af þessu skal yður hjermeð þjónustusamlega tjáð, að jeg veiti samþykki til
ofan nefndra landskuldarlækkana þetta ár. Helming kostnaðar við framhaldsskoðunar-
gjörðirnar má greiða af umboðssjóði eptir reikningum, sem amtið úrskurðar.

9
31. jan. Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um land-
skuldarlinun á nokkrum jörðum. — Þjer hafið, herra amtmaður, með þóknanlegu
brjefi, dags. 5. f. m. sent mjer brjef blutadeigandi umboðsmanns ásamt framhaldsskoð-
unargjörðum snertandi skemmdir þær á jörðunum Ytra-Holti, Hrappsstöðum og Skálda-
læk í Vallahreppi, sem jarðir þessar urðu fyrir haustið 1887, og skal yður hjermeð til
svars upp á nefnt brjef yðar þjónustusamlega tjáð, að jeg veiti samþykki til, að ábúandinn
á Hrappsstöðum njóti 40 álna lækkunar á landskuld fyrir fardagaárið 1889—90, og á-
búendurnir á Ytra-Holti og Skáldalæk 10 álna lækkunar hvor hið sama fardagaár.

Helming kostnaðarins við framhaldsskoðunargjörðirnar á ofan nefndum jörðum
má greiða af umboðssjóði eptir reikningum, sem amtið úrskurðar.

10

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Árnasonar, árið 1889.

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1889, 2. bls.)		Kr.
a. innritunarskírteini ltra A fol 103	kr. 34000,00	
b. lán gegn fasteignarveði	— 3000,00	
c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 1079,03	38079,03
2. Vextir:		
a. af innritunarskírteini til 11. júní og 11. des. '89	— 1190,00	
b. — láni gegn fasteignarveði til 11. júní '89	— 90,00	
c. — fje í landsbankanum til 31. des. '89	— 28,26	1308,26
	Samtals	39387,29

Gjöld.

1. Líffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans, 11. júní og 11. des. 1889	400,00
2. Sjóður í árslok:	
a. innritunarskírteini ltr. A fol. 103	kr. 34000,00
b. veðskuldabryef	— 4100,00
c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum	— 887,29
	Samtals 38987,29

Reykjavík, 4. jan. 1890
Landshöfðinginn yfir Íslandi
Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.